

Rammaáætlun 5. Áfangi
Faghópur 1
Hafdís Hanna Ægisdóttir formaður
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
150 Reykjavík

Garðabær, 2. október 2023
Málsnúmer: 202308-0029
SS

Efni: Mat á gæðum gagna um náttúruminjar.

Vísað er til erindis faghóps I í 5. áfanga rammaáætlunar, dags. 13. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort gögn þau um náttúrufar sem grein er gert fyrir í fylgiskjali með erindinu teljast nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í samræmi við 10. grein laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í fylgiskjalinu er skrá yfir heimildir og gögn sem höfð eru til hliðsjónar við mat á þeim 15 virkjunarkostum sem hópurinn hefur til umfjöllunar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar felst hlutverk stofnunarinnar fyrst og fremst í meta hvort fyrirbyggjandi gögn um náttúrufar virkjunarsvæðanna séu nægjanleg til að faghópur I geti lagt mat á náttúruverðmæti svæðanna og borið þau saman innbyrðis og raðað þeim eftir verndargildi. Teljist gögnin ófullnægjandi að mati stofnunarinnar þarf að afla nýrra gagna áður en matsferli hefst eða fella viðkomandi virkjunarkost út úr matsferli 4. áfanga rammaáætlunar. Á það skal bent að þó gæði gagna þyki nægjanleg til að meta svæðin innbyrðis þá er ekki víst að þau uppfylli kröfur ef meta ætti virkjunarsvæðin í samanburði við landið í heild.

Átta af fimmtán virkjunarkostum hafa verið til umfjöllunar í fyrri áföngum rammaáætlunar og skilaði Náttúrufræðistofnun mati á gæði gögnum fyrir þá þegar þeir voru til umfjöllunar í 4. áfanga, þann 10. mars 2021. Engu að síður var mat á gæði gagna endurmetið fyrir þá alla og vísað í nýrri upplýsingar þar sem þær voru fyrir hendi. Oftast var þó niðurstaðan sú sama og í mati fyrir 4. áfanga, en nokkrar undantekningar voru á því.

Einu mikilvægu atriði þarf að halda til haga. Af þeim 15 virkjunarkostum sem til umfjöllunar eru þá hefur mat á umhverfisáhrifum hafist fyrir 6 þeirra, allt vindorkukosti. Matsáætlanir hafa verið kynntar og Skipulagsstofnun skilað álit sínu um þær. Náttúrufræðistofnun er kunnugt um að margvíslegar vettvangsrannsóknir hafi farið fram eða séu í burðarliðnum. Það á ekki síst við um athuganir á fuglalífi en einnig á gróðurfari og jarðfræði á áhrifasvæðum virkjana. Í öllum tilfellum eru gögn þau sem hefur verið safnað í þessum rannsóknum óopinber og úrvinnslu þeirra líklega ólokið í flestum tilfellum. Náttúrufræðistofnun getur ekki lagt mat á gæði þessara gagna þar sem þau eru ekki aðgengileg. Hins vegar er ljóst miðað við þær rannsóknir sem fjallað er um í matsáætlunum umhverfismats allra virkjunarkostanna, að töluvert magn upplýsinga um þessa náttúrufarsþætti munu verða til þegar þessi gögn verða gerð opinber og það mun án efa hafa mikil áhrif á hvernig gæði gagna fyrir virkjunarkostina eru metin. Taka þarf því núverandi mati á tilvist og gæði gagna fyrir þessa 6 virkjunarkosti með þeim fyrirvara að ný gögn eru til staðar eða væntanleg. Sökum þessa er niðurstaða matsins sem kynnt er hér á eftir stjórnumerkt fyrir þessa virkjunarkosti og í fylgiskjali útskýrt frekar hvaða viðbótarupplýsingar megi búast við að bætist við. Náttúrufræðistofnun leggur



Það í hendur stjórnar faghóps 1 eða verkefnisstjórnar rammaáætlunar að meta hvort óskað verði eftir því að fá þessi gögn á meðan vinnu faghópsins stendur. Að öðrum kosti þarf að endurmeta gæði gagna þegar gögnin verða gerð opinber, en ekki liggur fyrir hvenær það verður þó miðað við áður kynntar tímalínur ætti að stytta í að umhverfismatsskýrslur verði kynntar fyrir a.m.k. suma af þessum virkjunarkostum. Skipulagsstofnun getur einnig gefið betri upplýsingar um það.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framlagða skrá yfir virkjunarkosti og lagt mat á gæði gagna sem lúta að jarðfræði, gróðurfari og dýralífi, einkum fuglalífi, og hvort nægar upplýsingar séu fyrir hendi til að meta svæðin m.t.t. viðmiða sem lögð eru til grundvallar, með vísan til fyrri áfanga rammaáætlunar og aðferðafræði sem þar var notuð, þ.e. auðgi, fágæti, stærð/heildir, alþjóðlegs gildis og þekkingar. Farið var yfir gögn um jarðfræði svæðanna og gæði þeirra metin, þ.e. jarðfræðikort (berggrunns- og jarðgrunnskort), virk ferli og upplýsingar um einstakar jarðminjar. Við skoðun á gróðurgögnum var lagt mat á gæði vistgerðakorta, gróðurkorta og skráningu æðplöntutegunda og hvað fugla varðar var lögð áhersla á hvort fyrir lægju gögn um útbreiðslu og umferð fugla, stofnstærðir, válistategundir og alþjóðlega ábyrgð. Einnig var bætt við heimildalista ef vitað var um fleiri heimildir og er töluvert um viðbætur, mismikið eftir virkjunarkostum þó.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki sérfræðinga í vatnalíffræði á sínum snærum var ekki lagt mat á gæði gagna fyrir ferskvatnslíf þ.m.t. ferskvatnsfiska.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur sig ekki hafa forsendur til að meta gögn er varða landslag en út frá þeim landslags rannsóknnum sem unnar hefur verið á síðustu árum í tengslum við rammaáætlun telur stofnunin að halda ætti þeim rannsóknnum áfram og þróa í tengslum við vindorkuver sem ljóst er að munu hafa afgerandi áhrif á landslag og landlagsupplifun. Varðandi víðerni má benda á að á síðustu árum hafa verið unnar allnokkrar rannsóknir í að meta víðerni og útbreiðslu þeirra, þó sérstaklega á miðhálandi landsins (David C.Ostman 2021, Carver o.fl. 2023). Út frá þeim er ljóst að víðerni eins og þau eru skilgreind í náttúruverndarlögum eru að verða fágæt á Íslandi og auðvelt að raska þeim eða hafa áhrif á gildi þeirra með stórfelldum framkvæmdum.

Í fylgiskjali 1 (excel-skjali) er að finna yfirlit um greiningu gagna fyrir einstaka virkjanakosti. Lagt er mat á gæði gagnanna fyrir þá þætti sem þar eru taldir upp og eru gæði gagna flokkuð með eftirfarandi hætti: A= mjög góð þekking, B= allgóð þekking, C= lítil þekking og D= lítil sem engin þekking. Stjörnumerking þýðir að virkjunarkosturinn er í umhverfismati og vitað er um ný gögn sem munu líklega breyta matinu en þau hafa ekki verið gerð opinber. Athuga ber að tilvist nýrra gagna tryggir ekki að flokkun á stöðu þekkingar muni breytast, en óneitanlega eru töluverðar líkur á því í flestum tilfellum, sérstaklega með tilliti til fuglalífs.

Mat á gæðum gagna. Sjá nánari útlistun í fylgiskjali.

Mat á gæðum gagna. Sjá nánari útlistun í fylgiskjali 1.

Virkjunarkostur	Jarðfræði	Gróður	Fuglar
Skúfnavatnavirkjun	C	B	C
Hamarsvirkjun	B	B	C
Hvanneyrardalsvirkjun	C	B	B

Tröllárvirkjun	C	B	C
Bolalda	B	A	B
Vindheimavirkjun	B	B	B
Sólheimar	C*	B*	B*
Garpsdalur	C*	A*	B*
Alviðra	C*	A*	B*
Reykjanesgarður	B	A	B
Mosfellsheiðarvirkjun I	B*	B*	C*
Mosfellsheiðarvirkjun II	B*	B*	C*
Hrútmúlavirkjun	C	B	D
Hrútavirkjun	C	C	B
Hnotasteinn	B*	B*	C*

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að gæði framlagðra jarðfræðigagna séu nægjanleg til að meta 7 af 15 tilgreinda virkjunarkosti en hvergi eru gögnin metin mjög góð. Ný gögn úr umhverfismati sem ekki eru opinber eru líkleg til að fjölga virkjunarkostum með nægjanleg gögn úr 7 í 10, en það þarf að staðfesta þegar þau gögn eru til staðar.

Stofnunin telur að gæði framlagðra gagna um gróður séu nægjanleg til að meta 14 af 15 tilgreinda virkjunarkosti. Þar af eru gögnin metin mjög góð fyrir 4 virkjunarkosti auk þess sem gögn úr fjórum til viðbótar eru líkleg til að vera metin mjög góð eftir að ný gögn úr umhverfismati eru gerð opinber.

Þá telur stofnunin að gæði framlagðra gagna um fugla séu nægjanleg til að meta 8 af 15 tilgreinda virkjunarkosti, en hvergi eru gögnin metin mjög góð. Ný gögn úr umhverfismati sem ekki eru opinber eru líkleg til að fjölga virkjunarkostum með nægjanleg gögn úr 8 í 11 sem og að fjölga virkjunarkostum með mjög góð gögn, en það þarf að staðfesta þegar þau gögn eru til staðar.

Í heild er það mat Náttúrufræðistofnunar að gæði framlagðra gagna séu nægjanleg til að meta til fulls þrjá af 15 tilgreindum virkjunarkostum. Þetta eru Bolalda, Vindheimavirkjun og Reykjanesgarður. Ef ný gögn úr umhverfismati sem ekki eru enn opinber nýtast í vinnu faghóps I þá er líklegt að virkjunarkostum með nægjanleg gögn fjölgi úr 3 í 9 og að þá bætist við Sólheimar, Garpsdalur, Alviðra, Mosfellsheiðarvirkjanir I og II og Hnotasteinn. Það veltur þó á gæði gagnanna sem koma til viðbótar.

Fyrir sex virkjunarkosti er ljóst að þörf sé á viðbótarrannsóknnum sem ekki hafa átt sér stað fyrir einstaka matsþætti. Fyrir Skúfnavatnavirkjun, Tröllárvirkjun og Hrútmúlavirkjun er þörf á frekari jarðfræði- og fuglarannsóknnum. Fyrir Hrútavirkjun er þörf á frekari jarðfræði- og gróðurrannsóknnum. Fyrir Hvanneyrardalsvirkjun er þörf á frekari jarðfræðirannsóknnum. Fyrir Hamarsvirkjun er þörf á frekari fuglarannsóknnum.

Fyrir hvern virkjunarkost voru settar fram athugasemdir í dálki ef ástæða þótti til (fylgiskjal 1). Þar er bent á atriði sem mætti bæta úr til að gera mat faghópsins áreiðanlegra og er það í höndum faghópsins/verkefnisstjórnar að taka á því í samræmi við 10. gr. laga nr. 48/2010 þar sem segir: „Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst.“

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bætt við töluvert af heimildum á framlagða lista yfir gögn um náttúrufar og fylgir sá uppfærði heimildalisti með umsögninni. Það er þó mikill munur milli virkjunarkosta hvað þetta varðar og stundum litlu eða engu hægt að bæta við. Eitthvað er um óbirt gögn sem stofnunin hefur yfir að ráða og var stuðst við þau við matið þegar það átti við.

Staða jarðfræðikorta, bæði berggrunns- og jarðgrunnskort, í nákvæmum mælikvarða, er afleit fyrir mörg virkjanasvæðin og vantar t.d. fyrir Vestfirði. Fyrir sum svæðin er verulegur skortur á gögnum eða rannsóknum og fyrir svona miklar framkvæmdir er ekki ásættanlegt að eingöngu séu til yfirlitsgreinar um jarðfræði svæðisins í ferðabókum (sjá Alviðra).

Um öll svæðin gildir að gögn um dýralíf einskorðast nær einvörðungu við fugla en jafnvel fuglagögn eru strjál fyrir sum svæðin t.d. fyrir áhrifasvæði vatnsaflsvirkjunarkostanna. Þá skortir yfirleitt upplýsingar um ferðir fugla, en það eru afar mikilvæg gögn þegar kemur að mati og samanburði á vindorkukostum. Nýleg, óopinber gögn úr umhverfismati munu miklu breyta um þetta þegar þau gögn verða aðgengileg en ekki eru allir vindorkukostirnir í umhverfismati.

Á mörgum svæðum eru skráningar plantna ónákvæmar hvað varðar staðsetningar einstakra tegunda, t.d. válistategunda, og/eða útbreiðslu tegunda innan svæða og því getur verið erfitt að meta hvort tegund finnst innan áhrifasvæðis virkjunar eða ekki. Einnig skal tekið fram að þrátt fyrir að flokkun landvistgerða byggji á grunngögnum af vettvangi þá byggist kortlagning þeirra að miklu leyti á fjarkönnun. Kortlagning yfirflokka vistgerða, eða vistlenda, gefur raunsanna mynd af stærð og útbreiðslu þeirra á landinu. Þegar kemur að aðgreiningu einstakra vistgerða má í sumum tilvikum gera ráð fyrir að um verulegar skekkjur sé að ræða þótt þær séu mismiklar eftir vistgerðum. Vistgerðakortið er mikilvægt hjálpargagn en hafa skal í huga að í mörgum tilfellum þarf að yfirfara kortið á vettvangi (sjá ritið Vistgerðir á Íslandi, fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 54).

Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin til frekara samtals við Faghóp 1 um þetta mat, aðferðafræðina, gögnin sem eru til grundvallar og niðurstöðurnar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Eydis Línadal Finnbogadóttir
Forstjóri



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs